



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á starfsemi félagsmiðstöðva í Árbæjarhverfi, Háaleitishverfi og Laugardal

Þann 14. september 2023 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Ábendingar hafa borist um að til skoðunar sé að draga úr starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs í Árbæjarhverfi, Háaleitishverfi og Laugardal og leggja jafnvel einhverjar þeirra niður. Á vegum velferðarráðs sé nefnd að störfum, sem hafi slíkar hugmyndir til skoðunar. Óskað er eftir upplýsingum um þessa vinnu og þá kosti, sem eru til skoðunar vegna fyrirhugaðra breytinga. Lokun einnar eða fleiri félagsmiðstöðva velferðarsviðs væri óæskileg. Slíkar lokanir hefðu mikla þjónustuskerðingu í för með sér enda gegna þessar félagsmiðstöðvar mikilvægu hlutverki í viðkomandi hverfum, ekki síst fyrir eldri borgara og fatlað fólk.

Svar:

Stýrihópur um mótun virknistefnu sem skipaður var með erindisbréfi þann 2. nóvember 2022 fékk m.a. það verkefni að kortleggja húsnæði og starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs. Jafnframt að skoða hvort þau henti sem samfélagshús og koma með tillögur um framtíðarnýtingu húsnæðis sem nú er nýtt undir félagsstarf, en hentar ekki undir slíka starfsemi.

Stýrihópurinn er enn að störfum og hefur m.a. heimsótt allar félagsmiðstöðvar sem og óskað eftir upplýsingum um starfsemi þeirra. Hópurinn hefur ekki haft til skoðunar að loka neinum félagsmiðstöðvum né að leggja til breytingar á starfsemi þeirra. Áhersla stýrihópsins hefur verið að skoða hvort núverandi húsnæði geti hentað hugmyndum um samfélagshús og koma með tillögur að framtíðarnýtingu húsnæðisins. Talið er mikilvægt að skilgreina og kortleggja þann hóp sem nýtir félagsmiðstöðvarnar og leggja fram tillögur að framtíðarnýtingu þeirra.